

## Gjaldskrá

### *Greiðslur til stuðningsforeldra*

#### 1. gr.

##### *Gildissvið*

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/0218, og 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

#### 2. gr.

##### *Greiðslur til stuðningsfjölskyldna*

Gjaldskrá	
Flokkur	Greiðsla á sólarhring
1	52.105 kr.
2	40.321 kr.
3	35.601 kr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

#### 3. gr.

##### *Fyrirkomulag greiðslna*

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir stuðningsfjölskyldu barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og/eða umönnunarþörf.

Greiðslur til stuðningsforeldra fatlaðra barna taka mið af umönnunarflokki barnsins samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins<sup>1</sup> og niðurstöðum SIS-C mats frá Ráðgjafa- og greiningarstöð. Greiðslur til stuðningsforeldra fyrir dvöl hluta úr sólarhring miðast við hálf og heilt sólarhringsgjald. Fyrir dvöl sem varir í um 7 til 10 klst. einn dag í mánuði greiðist hálfur sólarhringur. Ef dvölin er tvisvar í mánuði þá er greitt fyrir einn sólarhring og þannig koll af kalli.

Sé þjónusta stuðningsfjölskyldna veitt fyrir tilstilli barnaverndarþjónustu fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt skv. umönnunarflokki nr. 2 hjá Tryggingastofnun ríkisins og þegar þjónusta er veitt fyrir tilstilli félagsþjónustu þá fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt samkvæmt umönnunarflokki nr. 3.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 08.01.2026 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.

Sigurjón Andrésson Bæjarstjóri

<sup>1</sup> Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, (1997). **Reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna**, nr. 504/1997. Sótt af: <https://island.is/reglugerdir/nr/0504-1997>

